

7. gr.

Þorskfisknet skulu lögð í eina stefnu á sama veiðisvæði, eftir því sem við verður komið.

8. gr.

Týni skip þorskfisknetum í sjó, ber skipstjóra að slæða þau upp. Takist það ekki skal hann tilkynna það Landhelgisgæslunni og skýra frá staðsetningu netanna, eins nákvæmlega og unnt er.

9. gr.

Auk eftirlits Landhelgisgæslu með veiðum og veiðarfærum hafa eftirlitsmenn Fiskistofu eftirlit með því, að ákvæðum reglugerðar þessarar sé fylgt og skal skipstjóri veiðiskips gera eftirlitsmönnum kleift að gera þær athuganir á veiðarfærum skipsins, er þeir telja nauðsynlegar.

10. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 1. nóvember 1995 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 346, 7. september 1992, um þorskfisknet, ásamt síðari breytingum.

Sjávarútvegsráðuneytið, 17. október 1995.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

20. október 1995

Nr. 549

REGLUGERÐ

um hættumat í iðnaðarstarfsemi.

I. KAFLI.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að stuðla að öryggi á vinnustöðum og vernda almenn-
ing og umhverfi gegn hættu af tiltekinni iðnaðarstarfsemi sem getur valdið stórslysum.

Markmiðum reglugerðarinnar skal ná með því að rekstraraðili starfsemi, þar sem hættuleg efni eru notuð eða kunna að vera notuð og þar sem slys mundi hafa alvarlegar afleiðingar fyrir menn og umhverfi, geri nauðsynlegar varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir slys og draga úr afleiðingum þeirra. Jafnframt með því að starfsmenn í iðnaði fái þjálfun og upplýsingar til að koma í veg fyrir stórslys og ná tökum á ástandi ef slys verður.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um iðnaðarstarfsemi/starfsstöð, sbr. og I. viðauka, svo og búnað og geymslustaði, þar sem efni sem tiltekin eru í II. viðauka eru geymd eða notuð við eðlilega starfsemi, eða kunna að myndast við röskun á eðlilegri starfsemi í starfsstöðinni.

Reglugerð þessi gildir ekki um starfsstöðvar þar sem efni sem tilgreind eru í viðauka II eru til staðar, notuð eða geymd eða geta myndast í það litlu magni að hætta á stórslysi er augljóslega útilokuð.

Reglugerð þessi gildir ekki um eftirtalda starfsemi:

1. Starfsemi sem fyrst og fremst hefur í för með sér hættu vegna jónandi geislunar.
2. Herstöðvar.
3. Framleiðslu og aðskilinnar geymslu sprengiefna, byssupúðurs og skotfæra.
4. Námuþróft eða annars konar námuvinnslu.
5. Flutning hættulegra efna utan starfsstöðvar.

3. gr.
Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari merkir:

1. „Iðnaðarstarfsemi“: hvers konar starfsemi sem fer fram í starfsstöð af því tagi sem greint er frá í I. viðauka, þar sem er eða kann að vera unnið í uppsettum búnaði, lausum eða fasttengdum, með eitt eða fleiri hættuleg efni sem hugsanlega gætu valdið stórslysi. Enn fremur flutning innan starfsstöðvarinnar, svo og geymslu sem tengist starfseminni í starfsstöðinni og uppsettur búnaður,
 - öll iðnaðarstarfsemi þar sem efni samkvæmt II. viðauka eru eða kunna að vera notuð í jafnmiklu eða meira magni en mörk segja til um.
2. „Rekstraraðili“: sérhver einstaklingur eða lögaðili sem ber ábyrgð á iðnaðarstarfsemi sem tilkynnt hefur verið um.
3. „Stórslys“: atvik á borð við umtalsverða efnaútleasun, eldsvoða eða sprengingu sem stafar af stjórnlausri atburðarás meðan á iðnaðarstarfsemi stendur og stofnar mönnum og/eða umhverfi inni í starfsstöðinni eða fyrir utan hana í alvarlega hættu, samstundis eða síðar meir, og þar sem eitt eða fleiri hættuleg efni koma við sögu.
4. „Hættuleg efni“: að því er tekur til efna sem almennt eru talin samræmast viðmiðum þeim sem sett eru fram í III. viðauka,
 - að því er tekur til efna sem eru á listunum í II. viðauka í því magni sem greint er frá í öðrum dálki.
5. „Alvarleg hætta“: hætta þar sem:
 - a) lífi manna er stefnt í voða eða reikna má með alvarlegum eða varanlegum skaða á heilsu manna, hvort sem um ræðir nánasta umhverfi eða stærra svæði.
 - b) umhverfi getur skaðast, notkun og nýting breyst, takmarkast eða almannaheill hlotið skaða af. Hér er sérstaklega átt við dýralíf, gróður, jarðveg, vatn og andrúmsloft svo og menningarverðmæti.
6. „Öryggisráðstafanir“: ráðstafanir sem hafa að geyma upplýsingar til starfsmanna um þjálfun og búnað til að tryggja öryggi þeirra.
7. „Hætta“: eiginleiki efnis eða aðstæðna í starfsstöð þar sem slys getur átt sér stað.
8. „Hugsanleg hætta“: líkur á að tiltekinn atburður geti gerst á tilteknum tíma undir ákveðnum kringumstæðum.
9. „Uppsettur búnaður“: vinnu- og framleiðslutæki, byggingar, lagnir og leiðslur, vélar, verkfæri og annað sem nauðsynlegt er í iðnaðarstarfsemi til að framleiða og meðhöndla hættuleg efni efnafræðilega, eðlisfræðilega og líffræðilega.
10. „Neyðarráðstafanir“: áætlun rekstraraðila iðnaðarstarfsemi þar sem fram kemur hvernig bregðast skuli við stórslysum.
11. „Varúðarráðstafanir“: safn áætlana sem samdar eru af rekstraraðila iðnaðarstarfsemi um hvernig hann hyggst koma í veg fyrir stórslys, hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til að tryggja öryggi starfsmanna og umhverfis, til hvaða neyðarráðstafana skuli grípa þegar stórslys eiga sér stað og hvernig samskiptum hlutaðeigandi aðila skal háttáð komi til stórslyss.

II. KAFLI

Almennar varúðarráðstafanir.

4. gr.

Rekstraraðili skal vinna fyrir hverja iðnaðarstarfsemi stefnumarkandi skjal, sbr. IV. viðauka, þar sem fram kemur hvernig ráðgert er að koma í veg fyrir stórslys.

Rekstraraðili skal gera allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir slys og draga úr afleiðingum þess, ef það verður.

Sé iðnaðarstarfsemi breytt á þann hátt að það hafi veruleg áhrif á hættuna á slysi skal rekstraraðili endurskoða varúðarráðstafanir samkvæmt 2. mgr.

Rekstraraðili skal hvenær sem er geta sannað fyrir Vinnueftirliti ríkisins að hættumat sé fyrir hendi og nauðsynlegar öryggisráðstafanir hafi verið gerðar vegna hættu á stórslysi.

III. KAFLI

Hættumat og tilkynningaskylda.

5. gr.

Rekstraraðili skal tilkynna Vinnueftirliti ríkisins hvort í iðnaðarstarfseminni sé unnið með eða geymt eitt eða fleiri þeirra efna sem talin eru upp í II. viðauka í því magni sem þar er gefið upp, s.s. efni sem er geymt eða notað í tengslum við viðkomandi starfsemi, framleiðsluafurðir, aukaafurðir eða afganga.

Ef margar starfsstöðvar eru í sömu iðnaðarstarfsemi og skemmra er á milli stöðva en 500 m skal tilkynna það ef samanlagt magn efna fer yfir þau mörk sem tilgreind eru í II. viðauka.

6. gr.

Hættumat.

Í tilkynningu, sbr. 5. gr., skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

1. Upplýsingar um efnin sem talin eru upp í II. viðauka, þ.e.a.s.:
 - a) Gögn og upplýsingar sem koma fram í V. viðauka.
 - b) Á hvaða stigi starfseminnar er unnið eða kann að vera unnið með efnin.
 - c) Magn efnanna (stærðargráða).
 - d) Efna- og/eða eðlisfræðileg hegðun efnis við venjuleg notkunarskilyrði í framleiðslukerfinu.
 - e) Þær myndir sem efnin geta birst í eða tekið á sig ef óvenjulegar en fyrirsjáanlegar aðstæður skapast.
 - f) Ef ástæða er til, um önnur hættuleg efni sem geta, ef þau eru nálægt haft áhrif á hugsanlega hættu sem viðkomandi starfsemi hefði í för með sér.
2. Upplýsingar um starfsstöðvarnar, þ.e.a.s.:
 - a) Staðsetningu starfsstöðvanna og ríkjandi veðurskilyrði og hættu sem kann að leiða af staðháttum.
 - b) Hámarksfjölda starfsfólks, sér í lagi þess sem er berskjaldað gagnvart hættunni, þar sem starfsemin fer fram.
 - c) Almenn lýsing á tæknilegum ferlum.
 - d) Lýsing á þeim deildum starfsstöðvarinnar sem eru mikilvægar frá öryggis-sjónarmiði, orsakar hættunnar og þær aðstæður sem valdið geta stórslysi, ásamt lýsingu á fyrirbyggjandi aðgerðum sem fyrirhugaðar eru.
 - e) Ráðstafanir sem gerðar eru til að tæknilegur búnaður, sem nauðsynlegur er til að starfsstöðin sé starfrækt á öruggan hátt og til að bregðast við bilunum sem upp koma, sé ætíð tiltækur.
 - f) Hvernig þjálfun starfsmanna sé háttað.

3. Upplýsingar um stöðu mála ef um stórslys er að ræða, þ.e.a.s.:

- a) Neyðaráætlanir, þ.á m. um öryggisbúnað, viðvörunarkerfi og hjálpartæki sem tiltæk eru innan starfsstöðvanna þegar glímt er við stórslys.
- b) Allar upplýsingar sem Almannavarnir ríkisins þurfa á að halda til að undirbúa neyðaráætlanir til að nota utan starfsstöðvarinnar.
- c) Nafn einstaklings og fulltrúa hans eða þess lögaðila sem ábyrgur er fyrir öryggismálum og hefur vald til að setja neyðaráætlanir af stað og til að gera Almannavörnum ríkisins viðvart.

Tilkynninguna skal endurskoða reglulega svo taka megí mið af nýrri tækniþekkingu á sviði öryggismála og þekkingu er varðar hættumat.

7. gr.

Ef stórslys á sér stað í iðnaðarstarfsemi er rekstraraðila skylt að láta eftirlitsaðila vita.

Afhenda skal upplýsingar um aðstæður við slysið, hættuleg efni sem um er að ræða, gögn sem tiltæk eru til að meta áhrif slyssins á menn og umhverfi og neyðarráðstafanir sem gripið er til um leið og þær liggja fyrir.

Veita skal eftirlitsaðila upplýsingar um þær ráðstafanir sem fyrirhugaðar eru til þess að draga úr áhrifum slyssins til lengri eða skemmri tíma og að koma í veg fyrir að slíkt slys endurtaki sig.

8. gr.

Eftirlitsaðili sér til þess, í samráði við samráðsnefnd, sbr. 12. gr., að gerðar verði neyðarráðstafanir og ráðstafanir til lengri eða skemmri tíma sem kunna að reynast nauðsynlegar og að safnað verði saman þeim upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að ljúka megí rannsókn á slysinu og gera tillögur eða setja reglur í framhaldi af því.

Eftirlitsaðili skal tilkynna umhverfisráðuneyti um stórslys eins fljótt og hægt er.

9. gr.

Rekstraraðila ber að tryggja að einstaklingar og lögaðilar sem afleiðingar stórslyss geti bitnað á fái óumbeðið viðhlítandi upplýsingar um öryggisráðstafanir og hvernig bregðast skuli við ef slys verður.

Kynna skal og endurnýja upplýsingar, samkvæmt 1. mgr., með hæfilegu millibili. Almennigur skal einnig hafa aðgang að þessum upplýsingum.

Í upplýsingum skulu birt atriði sem ákveðin eru í VI. viðauka.

10. gr.

Óheimilt er að halda áfram starfsemi starfsstöðvar eða uppsetts búnaðar hennar að öllu leyti eða að hluta ef áframhaldandi starfsemi eða notkun hefur í för með sér yfirvofandi hættu á stórslysi.

11. gr.

Um uppsetningu eftirlitskerfa með starfsstöðvum, gerð hættumats, svo og innri og ytri neyðaráætlana fer samkvæmt fyrirmælum eftirlitsaðila.

IV. KAFLI

Eftirlit, þvingunarúrræði, gildistaka.

12. gr.

Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar. Félagsmálaráðherra setur sérstaka reglugerð um framkvæmd eftirlitsins. Jafnframt skal starfa sérstök samráðsnefnd um stórslysavarnir í iðnaði sem félagsmálaráðherra skipar.

13. gr.

Um valdsvið, þvingunarúrræði, málsmeðferð, úrskurði og viðurlög fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari fer að hætti opinberra mála.

14. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í ákvæði 3. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sbr. breytingu í 1. gr. laga nr. 65/1994 og að höfðu samráði við félagsmálaráðuneytið hvað þátt Vinnueftirlits ríkisins varðar, sbr. lög nr. 46/1980. Reglugerðin er enn fremur sett með hliðsjón af XX. viðauka EES samningsins (tilskipun ráðsins nr. 82/501/EEB). Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun 20. október 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

I. VIÐAUKI

Iðnaðarstöð.

1. Starfsstöð þar sem lífræn eða ólífræn efni eru meðhöndluð og m.a. er beitt eftirtöldum aðferðum:
þéttingu, vetnissviptingu, vetnisbindingu, estramyndun, halógenmyndun og framleiðslu halógens, oxun, brennisteinshreinsun, framleiðslu og breytingu efnasambanda sem innihalda brennistein, nitursýringu og framleiðslu efnasambanda sem innihalda köfnunarefni, framleiðslu efnasambanda sem innihalda fosfór, lögun varnarefna og framleiðslu á lyfjavörum, eimingu, útskiljun, leysingu og blöndun.
2. Starfsstöðvar þar sem fram fer eiming, hreinsun eða önnur vinnsla jarðolíuvara.
3. Starfsstöðvar þar sem föstum eða fljótandi efnum er fargað að fullu eða að hluta með brennslu eða efnafræðilegu niðurbroti.
4. Starfsstöðvar til framleiðslu, vinnslu eða meðhöndlunar á gasi til orkugjafar.
5. Starfsstöðvar þar sem málmar og málmleysingar eru framleiddir með blautferli eða raforku.

II. VIÐAUKI

Tilvist efna í starfsstöð sem er skilgreind samkvæmt reglugerð þessari.

Viðauki þessi gildir um geymslu hættulegra efna og/eða blöndun þeirra á hverjum þeim stað, landsvæði, byggingu og í starfsstöð, sem telst einangrað eða innan stofnunar, og er svæði sem notað er til geymslu.

Magntölur sem settar eru fram hér að neðan gilda um hverja geymslu eða hóp geymslna sem tilheyrja sama framleiðanda ef fjarlægð milli geymslnanna er ekki nægileg til að fyrirbyggja að hætta á stórslysum skapist við hugsanlegar aðstæður. Magntölur gilda í öllum tilvikum um hvern hóp geymslna sem tilheyrja sama framleiðanda þar sem fjarlægð milli geymslna er undir 500 m.

Magntölurnar sem gilda eru hámarkstölur um magn sem búið er við að sé í geymslu á hverjum tíma.

I. HLUTI

Tilgreind efni.

Hættuleg efni:

Flokkar efna og efnablandna	Magn (tonn)≥ Þegar 3. og 4. gr. tilskip. er beitt	Magn (tonn)≥ Þegar 5. gr. tilskip. er beitt
1. Klór	10	25
2. Ammóníumnítrat ¹⁾	350	2.500
3. Ammóníumnítrat í formi áburðar ²⁾	1.250	5.000
4. Súrefni	200	2.000
5. Brennisteinstríoxíð	15	75
6. Vetrissúlfíð	5	50
7. Vetrissúlfíð	5	50
8. Bróm	20	100
9. Vetni	5	50
10. Formaldehýð (formalín) (styrkur ≥ 90%).....	5	50
11. Metýlísócyanat	0,150	0,150
12. Tetraetýlblý eða tetrametýlblý	5	50
13. Vetrisklóríð (fljótandi gas)	25	250
14. 2,3,7,8-Tetraklórdibensó-p-díoxín	0,001	0,001
15. Arsenpentoxíð, arsen (V) sýra og salt	0,5	0,5
16. Arsentríoxíð, arsen (III) sýra og salt	0,1	0,1
17. Jarðgas og fljótandi gas	50	200
18. Etýlenimin	10	50
19. 4,4'-Metýlenebís (2-klóranlín)	0,01	0,01
20. Brennisteinsdíklóríð	1	1
21. Nikkel málmur ásamt oxíðum, karbónötum og súlfíðum í duftformi	1	1

Krabbameinsvaldandi efni:

Flokkar efna og efnablandna	Magn (tonn)≥	Magn (tonn)≥
1. 4-Amínódífenýl	0,001	0,001
2. Bensidín	0,001	0,001
3. Bensidín sölt	0,001	0,001
4. Dímetýlnítrósamín	0,001	0,001
5. 2-Naftýlamín	0,001	0,001
6. Bisklórmetyléter	0,001	0,001
7. 1,3-própanesultón	0,001	0,001
8. Dímetýlkarbamoyl klór	0,001	0,001
9. Klórmetýl metýléter	0,001	0,001
10. Hexametílfosfórfriamíð	0,001	0,001

- 1) Þetta gildir um ammóníumnítrat og blöndur þess þar sem þyngdarhlutfall köfnunarefnis úr ammóníumnítratinu er hærra en 28%, og um vatnslausn ammóníumnítrats þar sem þyngdarhlutfall ammóníumnítratsins er hærra en 90%.
- 2) Þetta gildir um hreinan ammóníumnítratáburð sem samræmist tilskipun 80/876/EEB og um blandaðan áburð þar sem þyngdarhlutfall köfnunarefnis úr ammóníumnítratinu er hærra en 28% (blandaður áburður inniheldur ammóníumnítrat ásamt fosfati og/eða kalúmkarbónati).

II. HLUTI

Flokkar efna og efnasamsetninga sem ekki eru sérstaklega nefnd í I. hluta.

Leggja skal saman magn hinna ýmsu efna og efnablandna¹⁾ í sama flokki. Sé fleiri en einn flokkur tilgreindur í sama lið skal leggja saman magn allra efna og efnablandna í þeim flokkum sem þar eru tilgreindir.

Flokkar efna og efnablandna ²⁾	Magn (tonn)≥ Þegar 3. og 4. gr. tilskip. er beitt	Magn (tonn)≥ Þegar 5. gr. tilskip. er beitt ³⁾
1. Efni og efnablöndur sem flokkuð eru sem „mjög eitruð“	5	20
2. Efni og efnablöndur flokkuð sem „mjög eiturvirk“, „eiturvirk“ ⁴⁾ , „oxandi“ og „sprengifim“	50	200
3. Lofttegundir og -blöndur, þ.m.t. þær sem eru í vökvakenndu ástandi en eru loftkenndar við venjulegan hita og þrýsting og flokkaðar sem „mjög eldfimar“ ⁵⁾	50	200
4. Efni og efnablöndur (aðrar en lofttegundir og blöndur sem falla undir 3. lið hér að ofan), flokkaðar sem „mjög eldfimar“ ⁶⁾	5.000	50.000
5. Efni og efnablöndur sem eru „gífurlega eldfimar“ ⁶⁾	10	50
6. Skaðlegt umhverfinu		
6a R50	500	2.000
6b R51		
R53	5.000	20.000
7. Efni og efnablöndur aðrar en þær sem falla undir 6. lið og eru skaðlegar umhverfinu		
7a R14	100	500
7b R29	50	200

- 1) Efnablöndur eru blöndur eða lausnir tveggja eða fleiri efna (tilskipun 79/831/EEB).
- 2) Flokkar efna og efnablandna eru þeir sem skilgreindir eru í eftirtöldum tilskipunum með áorðnum breytingum:
 - Tilskipun ráðsins nr. 67/548/EEB frá 27. júní 1967 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna.
 - Tilskipun ráðsins nr. 73/173/EEB frá 4. júní 1973 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkja um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efnablandna (leysiefna).
 - Tilskipun ráðsins nr. 77/728/EEB frá 7. nóvember 1977 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkja um flokkun, pökkun og merkingar á málningu, lakki, prentsvertu, lími og svipuðum vörum.
 - Tilskipun ráðsins nr. 78/631/EEB frá 26. júní 1978 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi flokkun, pökkun og merkingu varnings sem inniheldur eiturefni eða hættuleg efni (plöntulyf, örgresis- og útrýmingarefni).
 - Tilskipun ráðsins nr. 88/379/EEB frá 7. júní 1988 um samræmingu á ákvæðum í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi flokkun, pökkun og merkingu á hættulegum efnablöndum.
- 3) A-liður 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar og þriðji undirliður b-liðar 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar gilda eftir því sem við á.
- 4) Þetta á við ef ástand efnanna eða efnablandnanna er þannig að þau hafa þá eiginleika sem geta valdið hættu á alvarlegu slysi.
- 5) Undir þetta falla eldfimar lofttegundir, sbr. undirlið i í c-lið í III. viðauka.
- 6) Undir þetta falla mjög eldfimar vökvar, sbr. undirlið ii í c-lið III. viðauka.

III. VIÐAUKI

Viðmiðanir.

a) *Baneitruð efni:*

- efni sem samsvara fyrstu línunni í töflunni hér að neðan,
- efni sem samsvara annarri línunni í töflunni hér að neðan, og vegna eðlis- og efnafræðilegra eiginleika, geta skapað stórslysahættu sem jafnast á við þá hættu sem efnin nefnd í fyrstu línunni valda:

LD 50 (um munn) ¹⁾ mg/kg líkamsþyngd	LD 50 (um húð) ²⁾ mg/kg líkamsþyngd	LC 50 ³⁾ mg/l (innöndun)
1 LD 50 ≤ 5	LD 50 ≤ 10	LC 50 ≤ 0,1
2 5 < LD 50 ≤ 25	10 < LD 50 ≤ 50	0,1 < LC 50 ≤ 0,5

- 1) LD 50 um munn, rottur.
- 2) LD 50 um húð, rottur eða kanínur.
- 3) LC 50 með innöndun (fjórar stundir), rottur.

b) *Önnur eitruð efni:*

Efnin, sem eftirfarandi tölugildi um bráð eitúráhrif eiga við um, með eðlis- og efnafræðilega eiginleika sem geta skapað stórslysahættu:

LD 50 (um munn) ¹⁾ mg/kg líkamsþyngd	LD 50 (um húð) ²⁾ mg/kg líkamsþyngd	LC 50 ³⁾ mg/l (innöndun)
25 < LD 50 ≤ 200	50 < LD 50 ≤ 400	0,5 < LC 50 ≤ 2

- 1) LD 50 um munn, rottur.
- 2) LD 50 um húð, rottur eða kanínur.
- 3) LC 50 með innöndun (fjórar stundir), rottur.

c) *Eldfim efni:*

- i) eldfimar lofttegundir:
efni sem verða eldfim í loftkenndu ástandi við eðlilegan þrýsting í snertingu við loft og hafa suðumark við eðlilegan þrýsting 20° eða lægra,
- ii) mjög eldfimur vökvar:
efni sem hafa lægra kveikjumark en 21° og suðumark við eðlilegan þrýsting yfir 20°,
- iii) eldfimur vökvar:
efni sem hafa lægra kveikjumark en 55° og eru áfram í vökvaformi undir þrýstingi, þar sem tilteknað vinnsluáðstæður eins og háþrýstingur og hár hiti geta skapað stórslysahættu.

d) *Sprengifim efni:*

Efni sem geta sprungið þegar þau komast í snertingu við eld eða eru viðkvæmari fyrir höggum eða núningi en dínítróbensen.

e) *Oxandi efni:*

Efni sem orsaka mjög útvermin efnahvörf ef þau komast í snertingu við önnur efni, einkum eldfim efni.

IV. VIÐAUKI

**Tölur og upplýsingar sem gefa á upp í sambandi við
tilkynninguna sem kveðið er á um í 5. gr. tilskipunar nr. 82/501/EBE.**

Ef ekki er hægt að veita eftirfarandi upplýsingar eða það virðist ónauðsynlegt skulu ástæður þess tilgreindar.

1. DEILI Á EFNINU

Efnafræðiheiti

CAS-númer

Nafn samkvæmt IUPAC flokkunarkerfinu

Önnur nöfn

Reynsluformúla

Samsetning efnisins

Hreinleikastig

Helstu óhreinindi og hundraðshlutar

Greiningar- og ákvörðunaraðferðir sem tiltækar eru í starfsstöðinni

Lýsing á aðferðunum sem notaðar eru og vísanir í fræðirit

Aðferðir og varúðarráðstafanir sem framleiðandi gerir kröfur um í sambandi við meðhöndlun, geymslu og eldhættu

Neyðarráðstafanir sem framleiðandi viðhefur ef efni breiðist út af slysn

Aðferðir sem framleiðandi getur gripið til í þeim tilgangi að gera efni skaðlaus.

2. UPPLÝSINGAR UM HÆTTU Í STUTTU MÁLI

- Fyrir menn: – þegar í stað
- seinna
- Fyrir umhverfið: – þegar í stað
- seinna

Stefnumarkandi skjal til að koma í veg fyrir stórslys.

Rekstraraðili skal hafa undir höndum stefnumarkandi skjal sem sýnir hvernig hann hyggst skipuleggja starfsemina á þann hátt að sem minnst hætta skapist fyrir starfsstöðina, starfsfólk hennar og umhverfið. Skjalið skal innihalda eftirfarandi:

- með hvaða hætti og eftir hvaða leiðum rekstraraðili hyggst hafa stjórn á stórslysi
- meiginmarkmið sem lögð eru til grunna öllum aðgerðum til að koma í veg fyrir og bregðast við stórslysi
- skilgreiningu á hættu á stórslysum
- allar aðgerðir til að koma í veg fyrir og bregðast við stórslysi
- allar aðgerðir til að draga úr afleiðingum sem stórslys kann að hafa fyrir fólk og umhverfið
- skipulag framkvæmda til að gera ofan nefnd atriði skilvirk þ.m.t. ráðning sérhæfðs og þjálfaðs starfsfólks
- skilvirknismat og reglulega endurskoðun ofan nefndra atriða.

V. VIÐAUKI

**Upplýsingar sem aðildarríkin skulu láta
framkvæmdastjórninni í té samkvæmt 11. gr. tilskipunar nr. 82/501/EBE.****TILKYNNING UM STÓRSLYS**

Aðildarríki:

Yfirvald sem falið er að annast skýrslugerð:

Póstfang:

1. Almennar upplýsingar

Hvenær slysið á sér stað, dag- og tímasetning:

Hvar slysið á sér stað:

Póstfang:

Tegund iðnaðar:

2. Tegund slyss

Sprenging

Eldsvoði

Útlausn hættulegra efna

Efni sem sleppur út:

3. Lýsing á aðstæðum á slysstað

4. Neyðarráðstafanir sem gripið er til

5. Orsakir slyssins

Þekktar:

Óþekktar:

Upplýsingar gefnar eins fljótt og auðið er

6. Eðli og umfang tjóns

a) Innan starfsstöðvarinnar

– slys

.....

dauðaslys

.....

slasaðir

.....

orðið fyrir eituráhrifum

– fjöldi hættustaddra

– eignatjón

– hættan ekki liðin hjá

– hættan liðin hjá

b) Utan starfsstöðvarinnar

– slys

.....

dauðaslys

.....

slasaðir

.....

orðið fyrir eituráhrifum

– fjöldi hættustaddra

.....

– eignatjón

– hættan ekki liðin hjá

– hættan liðin hjá

7. Ráðstafanir til styttri og lengri tíma, einkum þær sem ætlað er að koma í veg fyrir að svipuð stórslys endurtaki sig (skulu lagðar fram eftir því sem upplýsingar berast).

VI. VIÐAUKI

Atriði sem kynnt skulu almenningi samkvæmt 3. mgr. 9. gr. reglugerðar þessarar.

- a) Nafn fyrirtækis og staðsetning svæðis.
- b) Tilgreining á þeim sem veitt hefur upplýsingarnar, þannig að fram komi hver staða hans er.
- c) Staðfesting á því að svæði sé háð þeim reglum og stjórnsýslufyrirmælum sem koma tilskipuninni til framkvæmdar, og að tilkynning samkvæmt 5. gr., eða að minnsta kosti þær upplýsingar sem kveðið er á um í 3. mgr. 9. gr., hafi verið veittar hinu lögbæra yfirvaldi.
- d) Lýsing í almennum orðum á þeirri starfsemi sem fram fer á svæðinu.
- e) Almenn heiti þeirra efna og efnablandna sem notaðar eru á svæðinu og valdið geta stórslysahættu: en tegundarheiti eða almenn hættuflokksgreining þeirra ef um er að ræða geymslu sem II. hluti II. viðauka gildir um, svo og tilgreining á helstu hættueiginleikum.
- f) Almennar upplýsingar um hvaða stórslysahætta getur skapast, þar á meðal um hugsanleg áhrif á íbúa og umhverfi.
- g) Fullnægjandi upplýsingar um hvernig farið yrði að vara íbúa við slysi og láta þá fylgjast með gangi mála.
- h) Fullnægjandi upplýsingar um hvað viðkomandi íbúum bæri að gera og hvernig þeir skuli hegða sér ef slys verður.
- i) Staðfesting á því að fyrirtæki sé skylt að gera viðeigandi ráðstafanir á svæðinu, þar á meðal með því að stofna til tengsla við hjálparsveitir þar með tilliti til hugsanlegs slyss og takmörkunar á áhrifum þess.
- j) Tilvísun til áætlunar um viðbúnað, sem gerð hefur verið með tilliti til áhrifa slyss utan svæðisins. Þar er rétt að fólk sé hvatt til að fylgja öllum fyrirmælum eða óskum hjálparsveita ef slys verður.
- k) Nánari tilgreining á því hvar unnt sé að afla frekari upplýsinga með fyrirvara um þær leyndarkröfur sem gerðar eru í landslögum.

12. október 1995

Nr. 550

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 260/1980 um útbúnað alifuglasláturhúsa,
slátrun alifugla, verkun þeirra og heilbrigðisskoðun,
sbr. breytingu með reglugerð nr. 470/1995.**

1. gr.

6. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 260/1980, sbr. breytingu með 1. gr. reglugerðar nr. 470/1995, falli brott.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 30/1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 12. október 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.